

19. gr.

Skólinn starfar frá 1. september til 15. maí. Menntamálaráðuneytið getur heimilað, allta að hálfmánaðar frávík frá þessu. Jólaleyfi hefst 21. desember og lýkur 3. janúar. Páskaleyfi hefst á mánudegi eftir Pálmasunnudag og lýkur annan í páskum. Auk þess er kennsluhlé öskudag, sumardaginn fyrsta, 1. desember, 1. maí og uppstigningardag.

20. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans skulu sýna samstarfsfólki sína fyllstu tillitsemi og háttvísi og gæta þess að öll gagnrýni sé málefnaleg og rökstudd. Ennfremur ber öllum þessum aðilum að gæta þagmælsku við óviðkomandi, m. a. um námsárangur einstakra nemenda og málefni skólans, sem ekki hafa verið endanlega afgreidd innan hans.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. maí 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir þriðja samþykktarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða.

Búnaðarfélag Auðkúluhrepps, Búnaðarfélag Þingeyrarhrepps, Búnaðarfélag Mýrahrepps, Búnaðarfélag Mosvallahrepps, Búnaðarfélag Flateyrarhrepps og Búnaðarfélag Suðureyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Búnaðarfélag Hólshrepps, Búnaðarfélag Skutulsfjarðar og Búnaðarfélag Súðavíkurhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945, reglugerðar 13. maí 1947 og Húsagerðarsamþykktar Vestfjarða svofellda húsagerðarsamþykkt:

1. gr.

Húsagerðarsambandið nær yfir þriðja samþykktarsvæði Húsagerðarsamþykktar Vestfjarða, en í því eru þau búnaðarfélög, sem að framan eru talin.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingaframkvæmdum hjá félagsmönnum og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á. Þessum tilgangi vill húsagerðarsambandið ná með því að taka að sér byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og þeirra húsa annarra, sem nauðsynleg eru í almennum búrekstri og í því skyni ráða til sín byggingarmenn og leggja þeim til sem fullkomnastar vélar, tæki og mót til vinnunnar. Sambandið tekur einnig að sér útvegum steypuefnis og flutning á því, ef verkkaupi óskar þess.

3. gr.

Hvert búnaðarfélag kys einn mann og annan til vara til þriggja ára í stjórn húsagerðarsambandsins. Skulu þeir ganga úr stjórninni eftir röð þeir árlega og ræð-

ur hlutkesti röð þeirra. Stjórnin kýs sér formann og auk þess tvo menn, sem ásamt formanni mynda framkvæmdastjórn sambandsins. Stjórnin ræður húsagerðarsambandinu framkvæmdastjóra í samráði við Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands. Hvert búnaðarfélag kýs árlega tvo fulltrúa á aðalfund sambandsins. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar húsagerðasambandsins og eru endurskoðendur tveir til þess kjörnir á aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða. Aðalfund skal halda fyrir 20. júní ár hvert.

4. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum svo sem tilgreint er í húsagerðarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða, svo skal og vera um starfsemi alla og félagshætti.

5. gr.

Húsagerðarsambandið myndar byggingasjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingarframkvæmdir sambandsins. Stofnfjárhæð hans er kr. 5 000 000 — fimm milljón krónur —.

Tekjur sjóðsins eru:

- 1) Tveir þriðju hlutar stofnfjárins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist inn til sambandsins út á þær vélar, sem keyptar hafa verið, enda liggja fyrir samþykki Byggingastofnunar landbúnaðarins, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og stjórnar Búnaðarsambands Vestfjarða um þörf húsagerðarsambandsins fyrir þann vélakost.
- 2) Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Vestfjarða, er nemur $\frac{1}{6}$ hluta heildarstofnfjárins.
- 3) Eftirstöðvar stofnfjárins, $\frac{1}{6}$ hluta, tekur húsagerðarsambandið að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára, og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til rekstrar-kostnaðar við byggingarframkvæmdir. Heimilt er þó að jafna þessum hluta stofnfjárins niður á bændur eða búnaðarfélög á sambandssvæðinu.
- 4) Tekjur þær, er inn kunna að koma samkvæmt 17. gr. húsagerðarsamþykktar Búnaðarsambands Vestfjarða.

6. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma um breytingar á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum, skulu sendar stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum er að samþykkt standa samkv. 1. gr. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst ásamt umsögn búnaðarfélaganna lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitast samþykkis landbúnaðarráðherra á þeim.

7. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál og varða þau sektum frá 10 000 til 100 000 krónum, nema þyngri hegning liggja við að lögum.

9. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. maí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

REGLUGERÐ

fyrir Orkubú Vestfjarða.

I. KAFLI

Tilgangur og stjórn.

1. gr.

Ríkissjóður Íslands og sveitarfélögin Geiradalshreppur, Gufudalshreppur, Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patreksahreppur, Tálknafjarðarhreppur, Suðurfjarðarhreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Þingeyrarhreppur, Mýrarhreppur, Mosvallahreppur, Flateyjarhreppur, Suðureyjarhreppur, Bæjarhreppur, Óspakseyrarhreppur, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykja-fjarðarhreppur, Nauteyjarhreppur, Snæfjallahreppur, Árneshreppur, Fellshreppur, Ísa-fjarðarkaupstaður og Bolungarvíkurkaupstaður eiga og reka saman orkufyrirtæki, er nefnist Orkubú Vestfjarða.

Sveitarfélögin Reykhólahreppur, Múlahreppur, Flateyjarhreppur, Ketildalshreppur, Hrófbergshreppur og Auðkúluhreppur hafa rétt til að gerast aðilar að Orkubú Vestfjarða, og teljast þau stofnaðilar, ef þau ganga frá aðild sinni fyrir fyrsta aðalfund Orkubúsins.

2. gr.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er á Ísafirði .

3. gr.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynleg flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið og eiga að reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegum dreifi-kerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

4. gr.

Eignarhlutdeild sameigenda í fyrirtækinu skiptist þannig, að eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%, en eignarhlutir sveitarfélaganna skulu nema samtals 60%.

Eignarhlutdeild sveitarfélaganna skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra.